**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1068** **2024/EES/25/28**

**frá 1. júní 2023**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról.

2) Að því er varðar sýantranilípról var lögð fram umsókn um innflutningsvikmörk skv. 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 að því er varðar notkun efnisins á kartöflur, hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti, aldin plantna af graskersætt með óætu hýði, kínakál, annað blaðkál, salat og salatplöntur, spínat og áþekk blöð (að undanskildu spínati), steinselju og aukategundir olíufræja (þ.e. hörfræ, valmúafræ, sesamfræ, sinnepsfræ, graskersfræ, litunarþistilsfræ, hjólkrónufræ, akurdoðrufræ, hampfræ og kristpálmafræ) í Kanada og í Bandaríkjunum. Umsækjandinn lagði fram gögn sem sýndu fram á að leyfð notkun efnisins á þessar nytjaplöntur í Kanada og í Bandaríkjunum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 396/2005, segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærri hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum til Sambandsins. Önnur umsókn var lögð fram skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa varðandi apríkósur.

3) Viðkomandi aðildarríki mat báðar þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddu áliti um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Hún sendi þetta álit til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

5) Að því er varðar sýantranilípról í apríkósum, kartöflum, hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti, aldinum plantna af graskersætt með óætu hýði, kínakáli, öðru blaðkáli, breiðblaða salatfíflum, spínati og áþekkum blöðum (að undanskildu spínati) og steinselju komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda þar eð tilteknar upplýsingar vantaði um eiturhrif niðurbrotsefna sýantranilípróls í unnum afurðum. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að váhrif á neytendur af völdum þessara niðurbrotsefna séu lítil og að öryggisbilið sé vítt þykir rétt að leggja til að hámarksgildi leifa sem Matvælaöryggisstofnunin leiddi út fyrir sýantranilípról í öllum þessum afurðum verði fastsett.

6) Að því er varðar sýantranilípról í salati komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar val á gagnasafni til að leiða út hámarksgildi leifa. Á grundvelli upplýsinga sem Matvælaöryggisstofnunin lagði fram þykir rétt að leggja til að hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról í salati verði fastsett við 15 mg/kg á grundvelli gagna um leifar í laufsalati.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue level for apricots and setting of import tolerances for cyantraniliprole in various crops." *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(3), 7219.

7) Að því er varðar allar aðrar breytingarnar sem umsækjendur óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildum leifa fyrir sýantranilípról komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í mati sínu tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

8) Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, uppfylla tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í þeirri reglugerð.

9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað dálksins fyrir sýantranilípról í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

***„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)***

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Sýantranilípról |
|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 0,9 |
| 0110010 | Greipaldin | |
| 0110020 | Appelsínur | |
| 0110030 | Sítrónur | |
| 0110040 | Súraldin | |
| 0110050 | Mandarínur | |
| 0110990 | Annað (2) | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | 0,04 |
| 0120010 | Möndlur | |
| 0120020 | Parahnetur | |
| 0120030 | Kasúhnetur | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | |
| 0120050 | Kókoshnetur | |
| 0120060 | Heslihnetur | |
| 0120070 | Goðahnetur | |
| 0120080 | Pekanhnetur | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | |
| 0120110 | Valhnetur | |
| 0120990 | Annað (2) | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | 0,8 |
| 0130010 | Epli | |
| 0130020 | Perur | |
| 0130030 | Kveði | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | |
| 0130990 | Annað (2) | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0140000 | **Steinaldin** | |
| 0140010 | Apríkósur | **0,7** |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | 6 |
| 0140030 | Ferskjur | 1,5 |
| 0140040 | Plómur | 0,7 |
| 0140990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | 1,5 |
| 0151010 | Vínber til neyslu | |
| 0151020 | Vínþrúgur | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | 1,5 |
| 0153000 | c) **Klungurber** | 0,01 (*) |
| 0153010 | Brómber | |
| 0153020 | Daggarber | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | |
| 0153990 | Annað (2) | |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | |
| 0154010 | Aðalbláber | 4 |
| 0154020 | Trönuber | 0,08 |
| 0154030 | Sólber og rifsber (rauð og hvít) | 4 |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | 4 |
| 0154050 | Rósaldin | 4 |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | 0,01 (*) |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | 0,8 |
| 0154080 | Ylliber | 0,01 (*) |
| 0154990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | |
| 0161010 | Döðlur | 0,01 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | 0,01 (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | 3 |
| 0161040 | Gullappelsínur | 0,01 (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | 0,01 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | 0,8 |
| 0161070 | Jövuplómur | 0,01 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | 0,01 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | |
| 0162020 | Litkaber | |
| 0162030 | Píslaraldin | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | |
| 0162050 | Stjörnuepli | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | |
| 0162990 | Annað (2) | |
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | |
| 0163010 | Lárperur | 0,01 (*) |
| 0163020 | Bananar | 0,01 (*) |
| 0163030 | Mangó | 0,7 |
| 0163040 | Papæjualdin | 0,01 (*) |
| 0163050 | Granatepli | 0,01 (*) |
| 0163060 | Morgunberkjur | 0,01 (*) |
| 0163070 | Gvövur | 0,01 (*) |
| 0163080 | Ananas | 0,01 (*) |
| 0163090 | Brauðaldin | 0,01 (*) |
| 0163100 | Dáraaldin | 0,01 (*) |
| 0163110 | Nónberkjur | 0,01 (*) |
| 0163990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | **0,15** |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | **0,15** |
| 0212010 | Kassavarætur | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | |
| 0212040 | Örvarrætur | |
| 0212990 | Annað (2) | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | 0,05 |
| 0213010 | Rauðrófur | |
| 0213020 | Gulrætur | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | |
| 0213040 | Piparrót | |
| 0213050 | Ætihnúðar | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0213060 | Nípur | |
| 0213070 | Steinseljurætur | |
| 0213080 | Hreðkur | |
| 0213090 | Hafursrætur | |
| 0213100 | Gulrófur | |
| 0213110 | Næpur | |
| 0213990 | Annað (2) | |
| 0220000 | **Laukar** | |
| 0220010 | Hvítlaukur | 0,05 |
| 0220020 | Laukar | 0,05 |
| 0220030 | Skalottlaukar | 0,05 |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | 8 |
| 0220990 | Annað (2) | 0,05 |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | |
| 0231010 | Tómatar | 1 |
| 0231020 | Paprikur | 1,5 |
| 0231030 | Eggaldin | 1 |
| 0231040 | Okrur | 1,5 |
| 0231990 | Annað (2) | 1,5 |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | 0,4 |
| 0232010 | Gúrkur | |
| 0232020 | Smágúrkur | |
| 0232030 | Dvergbítar | |
| 0232990 | Annað (2) | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | **0,4** |
| 0233010 | Melónur | |
| 0233020 | Risagrasker | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | |
| 0233990 | Annað (2) | |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | 0,01 (*) |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | 0,01 (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | 2 |
| 0241010 | Spergilkál | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0241020 | Blómkál | |
| 0241990 | Annað (2) | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | 2 |
| 0242010 | Rósakál | |
| 0242020 | Höfuðkál | |
| 0242990 | Annað (2) | |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | |
| 0243010 | Kínakál | **30** |
| 0243020 | Grænkál | 0,01 (*) |
| 0243990 | Annað (2) | **30** |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | 2 |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | **15** |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | |
| 0251020 | Salat | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | |
| 0251060 | Klettasalat | |
| 0251070 | Sinnepskál | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | |
| 0251990 | Annað (2) | |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | |
| 0252010 | Spínat | 0,01 (*) |
| 0252020 | Súpugull | **20** |
| 0252030 | Blaðbeðjur | **20** |
| 0252990 | Annað (2) | **20** |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 0,01 (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | 0,01 (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | 0,01 (*) |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | |
| 0256010 | Kerfill | 0,02 (*) |
| 0256020 | Graslaukur | 0,02 (*) |
| 0256030 | Blöð af sellerí | 0,02 (*) |
| 0256040 | Steinselja | **20** |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0256050 | Salvía | 0,02 (*) |
| 0256060 | Rósmarín | 0,02 (*) |
| 0256070 | Garðablóðberg | 0,02 (*) |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | 0,02 (*) |
| 0256090 | Lárviðarlauf | 0,02 (*) |
| 0256100 | Fáfnisgras | 0,02 (*) |
| 0256990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0260000 | **Belgávextir** | |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | 1,5 |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | 0,3 |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | 2 |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | 0,3 |
| 0260050 | Linsubaunir | 0,01 (*) |
| 0260990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | |
| 0270010 | Sperglar | 0,01 (*) |
| 0270020 | Salatþistlar | 0,01 (*) |
| 0270030 | Sellerí | 15 |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | 0,01 (*) |
| 0270050 | Ætiþistlar | 0,1 |
| 0270060 | Blaðlaukar | 0,01 (*) |
| 0270070 | Rabarbarar | 0,01 (*) |
| 0270080 | Bambussprotar | 0,01 (*) |
| 0270090 | Pálmakjarnar | 0,01 (*) |
| 0270990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | |
| 0280020 | Villtir sveppir | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | |
| 0300010 | Baunir | 0,3 |
| 0300020 | Linsubaunir | 0,01 (*) |
| 0300030 | Ertur | 0,01 (*) |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | 0,01 (*) |
| 0300990 | Annað (2) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | |
| 0401000 | **Olíufræ** | |
| 0401010 | Hörfræ | **1,5** |
| 0401020 | Jarðhnetur | 0,01 (*) |
| 0401030 | Valmúafræ | **1,5** |
| 0401040 | Sesamfræ | **1,5** |
| 0401050 | Sólblómafræ | 0,5 |
| 0401060 | Repjufræ | 0,8 |
| 0401070 | Sojabaunir | 0,4 |
| 0401080 | Mustarðsfræ | **1,5** |
| 0401090 | Baðmullarfræ | 1,5 |
| 0401100 | Risagraskersfræ | **1,5** |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | **1,5** |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | **1,5** |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | **1,5** |
| 0401140 | Hampfræ | **1,5** |
| 0401150 | Kristpálmafræ | **1,5** |
| 0401990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | 3 |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | 0,01 (*) |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | 0,01 (*) |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | 0,01 (*) |
| 0402990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | 0,01 (*) |
| 0500010 | Bygg | |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | |
| 0500030 | Maís | |
| 0500040 | Hirsi | |
| 0500050 | Hafrar | |
| 0500060 | Hrísgrjón | |
| 0500070 | Rúgur | |
| 0500080 | Dúrra | |
| 0500090 | Hveiti | |
| 0500990 | Annað (2) | |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | |
| 0610000 | **Te** | 0,05 (*) |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | 0,05 |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0630000 | **Jurtate úr** | |
| 0631000 | a) **Blómum** | 0,05 (*) |
| 0631010 | Gæsajurt | |
| 0631020 | Læknakólfur | |
| 0631030 | Rósir | |
| 0631040 | Jasmína | |
| 0631050 | Lindiblóm | |
| 0631990 | Annað (2) | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | 0,05 (*) |
| 0632010 | Jarðarber | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | |
| 0632990 | Annað (2) | |
| 0633000 | c) **Rótum** | 0,2 |
| 0633010 | Garðabrúða | |
| 0633020 | Ginseng | |
| 0633990 | Annað (2) | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | 0,05 (*) |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | 0,05 (*) |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | 0,05 (*) |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,05 (*) |
| 0800000 | **KRYDD** | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | |
| 0810020 | Ilmfrú | |
| 0810030 | Sellerí | |
| 0810040 | Kóríander | |
| 0810050 | Kúmín | |
| 0810060 | Dill | |
| 0810070 | Fenníkur | |
| 0810080 | Grikkjasmári | |
| 0810090 | Múskat | |
| 0810990 | Annað (2) | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | |
| 0820020 | Kínapipar | |
| 0820030 | Kúmen | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0820040 | Kardimommur | |
| 0820050 | Einiber | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | |
| 0820070 | Vanilla | |
| 0820080 | Tamarind | |
| 0820990 | Annað (2) | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | |
| 0830990 | Annað (2) | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,2 |
| 0840020 | Engifer (10) | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,2 |
| 0840040 | Piparrót (11) | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,2 |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | |
| 0850020 | Kapers | |
| 0850990 | Annað (2) | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | |
| 0860990 | Annað (2) | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | |
| 0870990 | Annað (2) | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | |
| 0900010 | Sykurrófurætur | 0,05 |
| 0900020 | Sykurreyr | 0,01 (*) |
| 0900030 | Kaffififilsrætur | 0,05 |
| 0900990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | |
| 1010000 | **Vörur úr** | |
| 1011000 | a) **Svínum** | |
| 1011010 | Vöðvi | 0,2 |
| 1011020 | Fita | 0,5 |
| 1011030 | Lifur | 1,5 |

| 1) | 2) | | 3) |
|---|---|---|---|
| 1011040 | | Nýru | 1,5 |
| 1011050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1011990 | | Annað (2) | 0,01 |
| 1012000 | b) | **Nautgripum** | |
| 1012010 | | Vöðvi | 0,2 |
| 1012020 | | Fita | 0,5 |
| 1012030 | | Lifur | 1,5 |
| 1012040 | | Nýru | 1,5 |
| 1012050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1012990 | | Annað (2) | 0,01 |
| 1013000 | c) | **Sauðfé** | |
| 1013010 | | Vöðvi | 0,2 |
| 1013020 | | Fita | 0,5 |
| 1013030 | | Lifur | 1,5 |
| 1013040 | | Nýru | 1,5 |
| 1013050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1013990 | | Annað (2) | 0,01 |
| 1014000 | d) | **Geitum** | |
| 1014010 | | Vöðvi | 0,2 |
| 1014020 | | Fita | 0,5 |
| 1014030 | | Lifur | 1,5 |
| 1014040 | | Nýru | 1,5 |
| 1014050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1014990 | | Annað (2) | 0,01 |
| 1015000 | e) | **Hestum** | |
| 1015010 | | Vöðvi | 0,2 |
| 1015020 | | Fita | 0,5 |
| 1015030 | | Lifur | 1,5 |
| 1015040 | | Nýru | 1,5 |
| 1015050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1015990 | | Annað (2) | 0,01 |
| 1016000 | f) | **Alifuglum** | |
| 1016010 | | Vöðvi | 0,02 |
| 1016020 | | Fita | 0,04 |
| 1016030 | | Lifur | 0,15 |
| 1016040 | | Nýru | 0,15 |
| 1016050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,15 |
| 1016990 | | Annað (2) | 0,01 |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | |
| 1017010 | Vöðvi | 0,2 |
| 1017020 | Fita | 0,5 |
| 1017030 | Lifur | 1,5 |
| 1017040 | Nýru | 1,5 |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1017990 | Annað (2) | 0,01 |
| 1020000 | **Mjólk** | 0,02 |
| 1020010 | Nautgripir | |
| 1020020 | Sauðfé | |
| 1020030 | Geitur | |
| 1020040 | Hestar | |
| 1020990 | Annað (2) | |
| 1030000 | **Fuglsegg** | 0,15 |
| 1030010 | Hænsni | |
| 1030020 | Endur | |
| 1030030 | Gæsir | |
| 1030040 | Kornhænur | |
| 1030990 | Annað (2) | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | 0,05 (*) |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,01 |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,01 |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,01 |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | |

(*) Neðri greiningarmörk
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka“